

Fundargerð 482

Föstudaginn 20. mars 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarbúnaði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarasdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arna G. Tryggvadóttir (AGT) löggiltur endurskoðandi PWC (við dagskrárliði 1-2), Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Gunnar Ragnarsson (GR) KPMG (við dagskrárliði 1-2), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsvið sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur frammi eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Ársreikningur 2019 og skýrsla innri endurskoðunar - til afgreiðslu
3. ICAAP skýrsla 2020 - til afgreiðslu
4. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
5. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
6. Samanburður fasteignagjalda - til kynningar
7. Viðbrögð vegna Covid-19 - til kynningar
8. Ársfundur 2020
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé sérstaklega tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 481.

Formaður bar upp fundargerðina til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2019 og skýrsla innri endurskoðunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi gögn: Ársreikningur 2019, skýrsla endurskoðanda um endurskoðun ársreiknings Byggðastofnunar, skýrsla innri endurskoðanda, skýrsla endurskoðunarnefndar og ýmsar sundurliðanir úr rekstri stofnunarinnar árið 2019.

AÞ hafði inngang og AGT fór síðan yfir ársreikninginn.

Hagnaður ársins nam 95,4 mkr. Eignir í lok árs námu 16.475 mkr., skuldir voru 13.259 mkr. og eigið fé 3.216 mkr. Eiginfjárlutfall var 19,25% í árslok.

AGT fór einnig yfir endurskoðunarskýrslu sína þar sem fram komu helstu áherslur í endurskoðuninni og niðurstöður.

GR fór yfir skýrslu innri endurskoðanda og helstu áherslur í skoðun ársins.

SJ kynnti skýrslu endurskoðunarnefndar vegna ársins 2019 og starf nefndarinnar.

Formaður bar upp ársreikning Byggðastofnunar vegna ársins 2019 og var hann samþykktur samhljóða og síðan undirritaður rafrænt.

AGT og GR viku af fundi.

3. ICAAP skýrsla 2020 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ICAAP skýrsla ársins 2020 og kynnti HP helstu atriði hennar og niðurstöður úr álagsprófum.

Formaður bar upp ICAAP skýrslu ársins 2020 og var hún samþykkt samhljóða.

4. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun – til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu rekstrar og verkefna 29. febrúar 2020.

5. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 8/20-10/20 Engar umræður urðu um þær.

6. Samanburður fasteignagjalda – til kynningar

Málinu frestað.

7. Viðbrögð vegna Covid-19 – til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað um áföll í ferðaþjónustu og eiginfjárförf Byggðastofnunar vegna neikvæðra áhrifa á efnahag og sjóðsstreymi sem sent var samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Einnig minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs um stöðuna í ferðaþjónustu í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 auk Viðbragðsáætlunar Byggðastofnunar við heimsfaraldrinum.

AÐ og AME fóru yfir minnisblöðin og hugsanleg áhrif á viðskiptavinum stofnunarinnar en ljóst er að þetta muni hafa áhrif á fleiri aðila en þá sem eru í ferðaþjónustu. Fundir hefðu verið haldnir með ferðamálastjóra og forstöðumönnum landshlutasamtaka. Þá var dreift á fundinum hugmyndum og ábendingum sem stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur samþykkt að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem blasir við í þjóðarbúskapnum og KB kynnti.

Þá var rætt um að halda stjórnarfundum með fjarfundarbúnaði meðan faraldurinn stendur yfir og með tíðari hætti, með færri málum á dagskrá.

8. Ársfundur 2020

AÐ sagði frá hugmyndum um að halda pro forma fund með ráðherra og ráðuneyti með fjarfundarbúnaði í stað hefðbundins ársfundar.

9. Önnur mál

Flutningsjöfnunarsjóður olúvara

AME greindi frá því að íslenska ríkinu hafi verið stefnt fyrir dóm vegna flutningsjöfnunargjalds olúvara. Stefnendur eru Skeljungur hf. og Atlantsólía ehf. og eru

gerðar kröfur um endurgreiðslu flutningsjöfnunargjalds síðustu fjögurra ára þar sem lagagrundvöllur gjaldtökunnar hafi ekki stjórnskipulegt gildi og gjaldtakan sé því óheimil að þeirra mati. Málssóknirnar beinast ekki gegn Byggðastofnun.

Í vinnslu væri jafnframt frumvarp um að breyta flutningsjöfnunarkerfinu og að flutningsjöfnun olíuvara færi framvegis í gegnum byggðaáætlun.

Stöðugreiningar landshluta

SEP upplýsti að Stöðugreiningar landshluta yrðu birtar á heimasíðu stofnunarinnar í dag.

10. Næsti fundur

Næsti fundur skv. starfsáætlun er 16. apríl nk.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:20

Magnús Helgason fundarritari
